

Kvikmyndaskóli Íslands ehf.
Friðrik Þór Friðriksson, skólastjóri
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Kópavogi, 19. nóvember 2020
Tilvísun: 2019-6477

Efni: Uppfærsla á viðurkenningu Kvikmyndaskóla Íslands ehf. vegna flutninga.

Vísað er til viðurkenningar Kvikmyndaskóla Íslands ehf. dagsett 18.12.2019 til þriggja ára og beiðni skólans um uppfærslu á henni vegna flutnings frá Grensásvegi 1 til Suðurlandsbrautar 18 í Reykjavík.

Með umræddri beiðni hafa verið lögð fram eftirfarandi gögn varðandi Suðurlandsbraut 18:

- Umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 20. ágúst 2020.
- Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 27. október 2020.
- Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 8. ágúst 2020.
- Lýsing á hinu nýleigða húsnæði.
- Leigusamningur Kvikmyndaskóla Íslands ehf. við Festi ehf. til 20 ára frá og með 8. júlí 2020 um leigu á hluta skrifstofuhúsnæðis við Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík.

Gögnin hafa verið metin fullnægjandi af hálfu Menntamálastofnunar.

Á grundvelli þess sem að framan greinir samþykkir Menntamálastofnun beiðni Kvikmyndaskóla Íslands ehf., kt. 620503-2230, um uppfærslu á viðurkenningu skólans dagsett 18.12.2019. Viðurkenningin er til þriggja ára frá upphaflegri dagsetningu og gildir því til 18.12.2022.

Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá Kvikmyndaskólans og tekur til kennslu námsbrauta með námslok: *11 – Viðbótarnám við framhaldsskóla (fjórða þrep)* í samræmi við viðurkenningu frá 18.12.2019.

Viðurkenningin byggir á því að kennsla fari fram í húsnæði skólans að Suðurlandsbraut 18 eins og því er lýst í viðbótaragögnum umsóknar, sem hefur verið tekið út og samþykkt af heilbrigðiseftirliti og yfirvöldum brunamála. Jafnframt byggir hún á því að starfsemi skólans fari fram samkvæmt þeim forsendum og skilyrðum sem rakin eru í umsókn og viðbótargögnum.

Skólinn skal birta viðurkenningarbréf þetta ásamt skólanámskrá, verðskrá og gjaldtökureglum á vef sínum. Menntamálastofnun áskilur sér rétt til að birta viðurkenningarbréf þetta á vef sínum ásamt skólanámskrá Kvikmyndaskólans.

Arnór Guðmundsson, forstjóri

(Undirritað rafrænt)

Undirritunarsíða

Forstjóri Menntamálastofnunar
Arnór Guðmundsson